Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2026-09-09 15:49:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-09-22 14:55:11 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 22. apríl 2026 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson, formaður og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes Á. Jóhannesson, áheyrnarfulltrúi og starfsmenn innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð. Rósa Steingrímsdóttir forfallaðist og ekki gafst tími til að boða varamann í hennar stað.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 22. apríl
- Drög að 437. fundargerð EFS 11.2.2026
- Drög að 438. fundargerð EFS 17.3.2026
- Fjárhagsáætlun Strandabyggðar
- Ársreikningur Strandabyggðar 2024
- Fjárhagsáætlun Vopnafjarðar 2026-2029
- Úttekt og tillögur Björns Ingimarssonar um rekstur Vopnafjarðar

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 437 frá 11.2.2026 og 438 frá 17.3.2026 voru samþykktar.

2. Umræður um áætlanagerð Strandabyggðar

Umræður fóru fram um útkomuspá Strandabyggðar fyrir árið 2025 og fjárhagsáætlun 2026. Samkvæmt útkomuspá 2025 var gert ráð fyrir 60 m.kr. halla á bæði A-hluta og samstæðu A- og B-hluta. Starfsmaður benti á að í fundargerð Strandabyggðar frá 14.4.2026 kæmi fram að samkvæmt drögum að ársreikningi væri rekstrarniðurstaða A-hluta 2 m.kr. tap og tap á samstæðunni 22 m.kr.

Nefndin lýsti yfir áhyggjum af þessu fráviki og óskað yrði eftir nánari greiningu á þeim þáttum sem skýra sveiflurnar, sem etv lægi í undirliggjandi forsendum og grunnvinnunni og að þær forsendur sem byggt er á virðast ekki nægjanlega áreiðanlegar.

Ákveðið var að starfsmaður nefndarinnar myndi óska eftir frekari upplýsingum um frávik milli ársreiknings og útkomuspár skömmu fyrir lok ársins.

3. Tillögur að hagræðingu í rekstri Vopnafjarðarhrepps

Vopnafjarðarhreppur hefur um árabil glímt við erfiðan rekstur. Í kjölfar ábendinga EFS ákvað sveitarfélagið að láta framkvæma óháða úttekt á rekstri A-hlutans og fá tillögur að hagræðingu í rekstri. EFS fékk skýrsluna afhenta fyrir skömmu.

Í skýrslunni kemur fram að stjórnunarkostnaður sem tilheyrir starfsemi B-hluta hafi verið gjaldfærður á A-hluta. Nefndin telur þetta fyrirkomulag ekki eins og á að vera þar sem það hafi áhrif á framlegð A-hluta, sem verður lægri en ella, þrátt fyrir að fjárhagslegar kennitölur samstæðunnar í heild haldist óbreyttar. Engar athugasemdir við þetta hafa komið fram hjá endurskoðendum. Endurskoðunarfélag sveitarfélagsins kemur að áætlanagerð þess, færslu bókhalds, gerð ársreiknings og endurskoðunar hans.

Að umræðu lokinni var ákveðið að næsta skref nefndarinnar væri að bíða fram yfir sveitarstjórnarkosningar og ræða í framhaldinu við nýja sveitarstjórn um hvaða leiðir hún telji heppilegastar að fara þegar kemur að fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins.

4. Önnur mál

Ákveðið var að starfsmaður nefndarinnar myndi útbúa greiningu á þróun jafnvægisreglu sveitarfélaga undanfarin ár, bæði hvað varðar lögbundna viðmið A- og B-hluta en einnig A-hluta.

Jafnframt var ákveðið að nefndin myndi á næsta fundi fara yfir niðurstöðu ársreikninga þeirra sveitarfélaga sem helst hafa verið til umfjöllunar á fundum nefndarinnar.

Einnig var ákveðið að fundir nefndarinnar á tímabilinu september til desember verði haldnir annan miðvikudag hvers mánaðar.

Að lokum var farið yfir verk í vinnslu og verkefnalisti nefndarinnar uppfærður.

Fundi slitið klukkan 10:47. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.